

Ed.

801. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd efri deildar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt.

Frv. gerir ráð fyrir, að haldið sé áfram um sinn að innheimta skatt vegna hægri umferðar. Skattur þessi hefur verið innheimtur af einstökum bifreiðaeigendum um nokkurra ára skeið. Skatturinn stendur undir kostnaði vegna framkvæmdar umferðarbreytingarinnar 1968 og enn fremur kostnaði vegna starfsemi Umferðarmálaráðs.

Framlenging skattheimtu þessarar er studd þeim rökum, að kostnaðurinn hafi reynzt mun hærri en áætlað var, a. m. k. 20 millj. kr. hærri.

Við erum þeirrar skoðunar, að þessi sérstaka skattlagning á takmarkaðan hóp einstaklinga, bifreiðaeigendur, sé óeðlileg og ranglát og til hennar hafi alls ekki átt að grípa í upphafi. Slíkur kostnaður eigi að greiðast úr óskiptum sjóði landsmanna, ríkissjóði. Þær aðgerðir, sem hér er um að ræða, snerta þjóðina í heild, en ekki aðeins þá, sem það og það skiptið kunna að eiga bifreið.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Björn Fr. Björnsson,
frsm.

Kristján Thorlacius.